

ALÞINGI
UMHVERFISNEFND
NEFNDASVIÐ ALÞINGIS
AUSTURSTRÆTI 8 -10
150 REYKJAVÍK

REYKJAVÍK 5.DES.2002

Umsögn um frumvarp til laga um úrvinnslugjald, 337.mál

Meðfylgjandi er umsögn stjórnar SORPU um frumvarp til laga um úrvinnslugjald.

Virðingarfyllst



Ögmundur Einarsson
frankvæmdastjóri

Lög um úrvinnslugjald

Almennt

Lög þessi munu án efa auka endurnýtingu og draga úr förgun úrgangs. Það veldur hins vegar vonbrigðum að ekki er komið á móts við þann kostnað sem sveitarfélögin hafa nú þegar af því að koma flokkuðum úrgangi til endurvinnslu sbr. dagblaða- og tímaritaúrgang og enn fremur má benda á umtalsverðan kostnað sem sveitarfélögin hafa af því að uppfylla ákvæði reglugerðar um eyðingu kælitækja.

Sveitarfélögin hafa um áráraðir staðið fyrir söfnun á dagblaða- og tímaritaúrgangi og náð umtalsverðum árangri og þannig stuðlað að minnkun þess úrgangs sem annars hefði verið urðaður. Sveitarfélögin væntu þess að úrvinnslugjaldið kæmi nú þegar á móts við þau vegna þessa endurvinnsluflokks þar sem fyrir hendi er þróað söfnunar- og úrvinnsluferli. Árlegur kostnaður vegna söfnunar og endurvinnslu þessa úrgangsflokks er a.m.k.

Morgunblaðið.	Upplag 54.000 eint., 25 sinnum í mánuði, þyngd 0,242 kg/eint. Eyðingarkostnaður m.vsk. 58.570.776 kr/ár
Fréttablaðið.	Upplag 68.000 eint.; 25 sinnum í mán. Þyngd 0,067 kg/eint. Eyðingarkostnaður m.vsk 20.419.992 kr 7ár
DV	Upplag 35.000 eint.; 25 sinnum í mánuði þyngd 0,125 kg /eint. Eyðingarkostnaður m.vsk. 19.608.750 kr 7ár.

Samtals eyðingarkostnaður m.vsk 98.599.518 kr. /ár

Eyðingarkostnaður SORPU vegna kælitækja á þessu ári er um 20.000.000 kr m.vsk

Frumvarpið gerir ráð fyrir sömu aðferð við álagningu úrvinnslugjalds og farin er í lögum um spilliefnagjald þ.e. að nota flokkunarkerfi tollalaga til ákvörðunar álagningarstofns. Þessi aðferð hentar ágætlega þegar um er að ræða einslita vörflokka en leiða má líkur að því að hún hentar miður þegar um blandaða vörflokka er að ræða.

Álagningarkerfið er mjög þungt og seinvirkt enda þarf samþykki Alþingis til að nýir vörflokkar verði gjaldskyldir. Reynsla af framkvæmd spilliefnalaganna er ótvíræð í þessu sambandi.

Mun einfaldari leið til álagningar úrvinnslugjalds er að leggja úrvinnslugjald, þá tiltölulega lágt gjald, á mjög breiðan gjaldstofn.

Mörg tæknileg útfærsluatriði í framkvæmd laganna eru mjög óljós. Á það sérstaklega við þegar farið verður að leggja á umbúðaúrgang. T.d kemur ekki fram að úrvinnslugjald sé lagt á brúttóþyngd vöru. Gjaldið skal stundum standa undir kostnaði við vinnslu á sömu þyngd en stundum vegna vinnslu á hluta þyngdar. Ekki kemur fram hvort heimilt er að

endurgreiða álagt gjald t.d þegar farga þarf vöru vegna þess að sölutími hennar er útrunninn. Þetta atriði er mjög algengt þegar matvara á í hlut. Atriði sem þessi munu valda móttökustöðvum erfiðleikum í samskiptum við úrgangshafa nema lagatekstinn sé mjög afgerandi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

2.gr. Skilgreiningar

Í 4 grein frumvarpsins stendur. Vöruflokkum skal skipt í uppgjörsflokka og skal hverjum uppgjörsflokk ... osfrv.

Í greinina vantar skilgreiningu á hugtakinu “**uppgjörsflokkur**”

3.gr. Almennt um gjaldtöku

Í lögum um meðferð úrgangs er sveitarfélögum gert skylt að takmarka urðun á einstökum úrgangsflokkum svo sem lífrænum úrgangi. Eðlilegt hlýtur að telja að álagt úrvinnslugjald greiði sveitarfélögum þann viðbótarkostnað sem þau verða fyrir vegna þessara lagaskyldu.

M.a. þess vegna er lagt til að álagningarstofn úrvinnslugjalds verði mjög breiður og takmarkist ekki við einstaka vöruflokka í tollskrá.

4.gr. Fjárhæð úrvinnslugjalds.

Áður hefur verið bent á að skilgreiningu á uppgjörsflokki vantar. Ef sú skilgreining er mjög þröng þá verður öll framkvæmd laganna mjög þung og seinvirk.

8. gr. Úrvinnslugjald á aðrar vörur

Lagt er til að nú þegar verði bætt við flokkum sem hér segir:

Dagblaða- og tímaritapappír
Kæli- og frystitæki

III kafli.
9.gr.
Gjaldskyldir aðilar.

Hér er fjallað um skyldur til greiðslu úrvinnslugjalds
Hér vantar að skilgreina hvenær er heimilt að **endurgreiða** álagt úrvinnslugjald.
Um getur verið að ræða vöru sem er útrunnin á sölutíma, reynist gölluð í
framleiðslu, skemmist í geymslu o.s.frv.
Ef endurgreiðsla er óheimil þá þarf að taka slíkt fram.